

Ár 2020, mánudaginn 2. mars er dómþing haldið í Dómstóli ÍSÍ að Austurvegi 3, Selfossi af settum dómara Ólafi Björnssyni hrl á Selfossi.

Fyrir er tekið málið nr. 1/ 2020

Ragnar Sverrisson
gegn
Dansíþróttasambandi Íslands

og kveðinn upp svohljóðandi

DÓMUR:

Kæra dags. 12.01.2020 frá Ragnari Sverrissyni kt 060372-3309, Fannborg 1, 200 – Kópavogi á hendur Dansíþróttasambandi Íslands, (DSÍ), er barst skrifstofu ÍSÍ þann 13. janúar 2020, og var málinu úthlutað til undirritaðs dómara við Íþróttadómstól Í.S.Í.

Ákveðið var að málið yrði flutt skriflega, og voru málsaðilar látnir vita af því, og sætti það ekki athugasemdum.

Bergrún Stefánsdóttir, formaður og framkvæmdastjóri DSÍ, kærða, sendi svo greinargerð kærða til dómsins dags. 23. jan, 2020, ásamt tilgreindum gögnum. Var hún svo send kæranda til skoðunar og gafst honum þá tækifæri á að senda inn athugasmdir við greinargerð kærða, og sendi hann dómnum ath. f.h. kæranda þann 31. jan 2020. Í framhaldinu gafst kærða tækfæri að gera athugasmdir við framkomnar ath. kæranda, og sendi hann dómnum athugasmdir sínar dags 3. feb. 2020, þann 6. feb. 2020. Var málið að svo búnu tekið til dóms.

Dómkröfur og sjónarmið kæranda: Dómkröfur kæranda eru þær að stjórn kærða (DSÍ) breyti reglum um val í landslið kærða þannig að senior pör, 35 ára og eldri, geti unnið sig inn í landslið kærða eins og aðrir keppendur í meistaraflokki 14 ára og eldri.

Vísar kærði til 2. gr. laga DSÍ, og óskar eftir að greininni verði breytt þannig að orðinu „senior“ sé bætt inní greinina, eftir upptalningu á þeim pörum sem verða valin í A landsliðið.

Málavexti: kveður kærandi þá að í reglum kærða um val í landslið séu tilteknir aldurshópar (flokkar) þ.e. unglingar 2 (14-15 ára), ungmenni (16-18 ára) og fullorðnir (16 ára og eldri) Ekki er minnst á flokk senior 35 ára og eldri, og finnst kæranda það vera aldursfordómar og mismunun að senior pör séu ekki valin í landslið á vegum kærða.

Röksemdir: Kærandi kveður senior pör vera keppendur í meistaraflokki, eins og aðra keppendur í meistaraflokki. Kærandi kveðst hafa fengið svar við málaleitan sinni frá kærða, dags 10.01.2020, þar sem segir að engar forsendur séu fyrir landsliði í flokki senior. Að mati kæranda eru hinsvegar engar forsendur fyrir því að senior pör séu ekki í landsliði kærða.

Senior pör æfi jafnmikið eða meira en önnur pör í meistaraflokki, og haldin eru heims og evrópumeistaramót fyrir senior pör af alþjóða danssambandinu, WDSF, sem kærði sé aðili að.

Hann bendir á að 12-13 ára börn séu ekki valin í landslið, eðlilega, þar sem ekki séu haldin alþjóðleg mót á vegum WDSF fyrir þau. Þessu sé öfugt farið með senior pör.

Lagarök: Varðandi lagarök vísar kærandi til 2.gr. laga DSÍ, um jafnræði meðal félagsmanna DSÍ.

Sönnunargögn: Varðandi sönnunargögn vísar kærandi til laga DSÍ, og reglna um val í landslið DSÍ sem finna má á heimasíðu DSÍ www.dsi.is

Dómkröfur og sjónarmið kærða: Kærði, Dansípróttasamband Íslands (DSÍ), krefst sýknu af kröfum kæranda, Ragnars Sverrissonar.

Málsatvik: kveður kærði vera þau að með erindi 12. desember 2019 til kærða hafi kærandi, Ragnar Sverrisson, og Anna Björk Bergmann Jónsdóttir, óskað eftir því við varnaraðila að breytt verði 2. gr. reglna um val í landslið DSÍ, sem er svohljóðandi:

„Þau pör sem eru í 1. eða 2. sæti í keppnisflokkunum unglingar II, ungmenni og fullorðnum (meistaraflokkar) verða valin í A landsliðið. Pör sem eru í 3. og 4. sæti verða valin í B landsliðið. Þetta á við um Íslands- og Bikarmeistaramót í latin og ballroom dönsum ásamt Íslandsmeistaramótinu í 10 dönsum en þá er aðeins valið 1. og 2. sætið.“

Kærandi og Anna Björk óskuðu nánar tiltekið eftir því að 2. gr. reglnanna verði breytt þannig að keppnisflokknum „senior“ verði bætt við ákvæðið, þ.e. að pör í 1.-4. sæti í þeim keppnisflokki verði valin í landsliðið.

Í sama erindi var farið fram á að stjórn DSÍ sendi kæranda og Önnu Björk „formlega afsökunarbeiðni á framkomu gagnvart þeim þegar þeim var meinuð þátttaka í Íslandsmeistaramóti í latin 2019 og þegar senior flokkar voru felldir niður á Íslandsmeistaramóti í 10 dönsum 2019.“

Erindið var tekið fyrir á fundi stjórnar DSÍ 7. janúar sl. þar sem erindinu var hafnað og var kæranda tilkynnt um það 10. janúar 2020.

Málsástæður og lagarök kærða: Kærði bendir á að um val í landslið DSÍ gildi reglur um val í A og B landslið DSÍ, samþykktar 25. nóvember 2019. Samkvæmt 1. gr. reglnanna er nýtt A

og B landslið valið af DSÍ ár hvert og gildir valið frá fyrsta Íslandsmóti ársins og fram að fyrsta Íslandsmóti ársins á eftir.

Í 2. gr. reglnanna er mælt fyrir um hvaða pör eru valin í landsliðið, en þar segir að þau pör sem eru í 1. eða 2. sæti í keppnisflokkunum unglingar II, ungmenni og fullorðnum (meistaraflokkar) verða valin í A landsliðið. Pör sem eru í 3. og 4. sæti verða valin í B landsliðið. Þetta á við um Íslands- og Bikarmeistaramót í latín og ballroom dönsum ásamt Íslandsmeistaramótinu í 10 dönsum en þá er aðeins valið 1. og 2. sætið.

Af þessu leiðir að pör í keppnisflokkunum börn I, börn II, unglingar I og senior eru ekki valin í landsliðið. Samkvæmt móta- og keppendareglur DSÍ, grein C-5.1, gildir eftirfarandi aldursskipting um keppnisflokkinn senior:

Senior I, 35 ára og eldri á almanaksárinu. Senior II, 45 ára og eldri á almanaksárinu. Senior III, 55 ára og eldri á almanaksárinu. Senior IV, 65 ára og eldri á almanaksárinu.

Framangreindar reglur um val í landsliðið, frá 25. nóvember 2019, og þær reglur sem voru í gildi á undan þeim, eru í samræmi við afreksstefnu DSÍ 2018-2023, sem samþykktar voru á dansþingi 2018, en dansþing fer með æðsta vald í málefnum DSÍ, sbr. grein 6.1 í lögum DSÍ.

Í gildandi afreksstefnu kemur fram að í landsliðið eru aðeins valin pör í keppnisflokkunum unglingar II, ungmenni og fullorðnum (meistaraflokkar). Þá eru það aðeins pör í þeim flokkum sem geta unnið sér keppnisrétt á heims- og Evrópumeistaramótum og heims- og Evrópubikarmótum hjá Alþjóðadansþróttasambandinu (WDSF). Er þetta áréttað í grein C-1.6.1 í móta- og keppendareglum DSÍ, þar sem segir að keppendur í flokki senior sem geta einnig keppt í flokki fullorðinna geti ekki tekið sæti í landsliðinu eða fengið þátttökurétt á heims- og Evrópumeistaramót. Þá segir í afreksstefnu að í landsliði DSÍ séu 10-15 pör hverju sinni, en í raun hafa um 20 pör verið í landsliðinu. Í afreksstefnunni er jafnframt kveðið á um að hún verði endurskoðuð á að minnsta kosti 5 ára fresti.

Kærði byggir á því að honum verði ekki gert skylt að kröfu kæranda að bæta við keppnisflokki í landsliðið. Innan DSÍ hefur verið mörkuð stefna um afreksstarf og landsliðið, sem samþykkt var á dansþingi 2018, en dansþing fer eins og áður segir með æðsta vald í málefnum DSÍ.

Reglur um val í landsliðið, eða afreksstefnan, byggja ekki á „aldursfordómum og mismunun“, eins og kærandi heldur fram. Kærandi getur ekki byggt kröfur sínar í máli þessu á 2. gr. laga DSÍ, þar sem segir að DSÍ skuli gæta skuli jafnréttis og jafnræðis. Þegar kemur að vali í landslið geta ekki allir verið jafnir og allir verið í liðinu. Ef fallist væri á þetta sjónarmið kæranda væri með sama hætti hægt að krefjast þess að reglum verði breytt þannig að börn (yngri en 12 ára) og unglingar I (12-13 ára) verði valin í landsliðið. DSÍ hefur um þetta mat og hefur markað sér afreksstefnu og settar hafa verið á grundvelli hennar reglur um val í landsliðið.

Aldrei í sögu DSÍ hafa pör í flokki senior verið valin í landsliðið. Breyting á gildandi reglum eins og kærandi gerir kröfu um, að bæta við keppnisflokknum senior, væri grundvallarbreyting

á afreksstefnu sambandsins. Þá gerir kostnaðaráætlun DSÍ, sem er samþykkt á dansþingi, ekki ráð fyrir keppnisflokknum senior í landsliðinu.

Keppnisflokkurinn senior hefur ekki náð að festa sig í sessi á dansmótum og því enginn grundvöllur til að hafa landslið eldri dansara. Á árinu 2019 var aðeins eitt par sem skráði sig í flokk senior en það voru kærandi og Anna Björk sem skráðu sig í þann flokk á Íslandsmeistaramótið í latín 9.-10. febrúar. Skráningunni var hins vegar hafnað af stjórn DSÍ þar sem aðeins iðkendur innan DSÍ er heimil þátttaka á Íslands- og bikarmeistaramótum, en kærandi er danskennari. Kærandi var ekki sáttur við að skráningunni var hafnað og kærði málið til dómstóls ÍSÍ, en í máli nr. 2/2019 var DSÍ sýknað af kröfum kæranda. Var því engin ástæða fyrir stjórn DSÍ að biðjast afsökunar á „framkomu“ gagnvart kæranda og Önnu Björk eða því að ekki var boðið upp á keppnisflokkinn senior á Íslandsmeistaramóti í 10 dönsum sem haldið var 16.-17. mars 2019, enda er það mótshaldari sem ákveður á hverjum tíma hvaða keppnisflokkar eru í boði á móti sem hann heldur og fer það eftir aðstæðum hverju sinni. Um þetta vísast til greinar C-4 í móta- og keppendareglum DSÍ.

Samkvæmt öllu framansögðu var enginn grundvöllur fyrir því að fallast á erindi kæranda um að breyta reglunum um val í landsliðið og er ekki unnt að skylda varnaraðila til þess. Ber því að sýkna kærða af kröfum kæranda.

Fylgiskjöl með greinargerð frá kærða:

1. Erindi kæranda til stjórnar, dags. 12. desember 2019.
2. Svar stjórnar DSÍ til kæranda, dags. 10. janúar 2020.
3. Reglur um val í A og B landslið DSÍ, samþykktar 25. nóvember 2019.
4. Lög DSÍ.
5. Afreksstefna DSÍ 2018-2023.
6. Móta- og keppendareglur DSÍ, samþykktar 10. mars 2019.

Kæranda gafst tækifæri að gera ath við greinargerð kærða, og bárust þær dómnum 31. jan sl.

Um málsástæður og lagarök DSÍ vill kærandi að eftirfarandi komi fram: Það eina sem kærði vísar til er að reglurnar séu svona! Kærandi bendir á að DSÍ býr til reglurnar og getur breytt þeim eins og þeim hentar og DSÍ hefur gert það þegar eitthvað er ekki eins og þeim hentar.

Ekki eru haldin heims og evrópumeistaramót fyrir börn I, börn II og unglunga I, en aftur á móti hafa verið haldin heimsmeistaramót fyrir flokk seniora (meistaraflokkur) í amk 20 ár og jafnvel lengur af WDSF sem er alþjóðadansbandið og er DSÍ aðili að WDSF. WDSF er aðili að Olympíuhreyfingunni. Flokkur seniora (meistaraflokkur) er því eini flokkurinn sem á ekki möguleika á að vinna sér sæti í landsliði DSÍ sem WDSF heldur heimsmeistaramót fyrir.

Enn á ný er DSÍ að segja hvernig reglurnar eru eða afreksstefnan. Það er DSÍ sem setur afreksstefnuna og getur því ákveðið að flokkur senior (meistaraflokkur) njóti sjálfsagðra mannréttinda og eigi möguleika á að vinna sér sæti í landsliði DSÍ.

Grein C-1.6.1 er hrein og klár mismunun og fordómar gagnvart flokki seniora í meistaraflokki. "Keppendum í flokki seniora er einnig heimilt að keppa í flokki fullorðinna en geta ekki tekið sæti í landsliðinu eða fengið þátttökurétt á Heims- og Evrópumeistaramót."

Sem sagt flokkur seniora má keppa í flokki fullorðinna en t.d. ef senior þar myndi vinna flokk fullorðinna þá fengi það ekki rétt til þess að fara á heims og evrópumeistaramót og ynni sér ekki rétt til þess að vera í landsliði DSÍ. Ekkert nema hreinir fordómar og mismunun. Til dæmis er fremsta dama okkar sem keppir á vegum WDSF Sara Rós Jakobsdóttir 28 ára á þessu ári og samkvæmt núgildandi reglum þegar hún verður 35 ára, þá mun hún ekki geta unnið sér inn rétt til þess að fara á heimsmeistaramót, eða vera í landsliði DSÍ. Það væri alger hneysa.

Að mati kæranda ætti DSÍ að sjá sér sóma í því að bæta flokki seniora (meistaraflokki) í landslið DSÍ og hætta útúrslunum með að reglur séu reglur (DSÍ setur reglurnar). Ekki er verið að tala um að allir séu í landsliðinu en flokkur seniora (meistaraflokkur) ætti að geta unnið sér inn sæti í landsliðinu á sama hátt og aðrir meistaraflokkar sem WDSF heldur heimsmeistaramót fyrir.

DSÍ vísar í söguna.... "einu sinni voru fólk sem er svart á hörund látið sitja aftast í almenningsvögnum og einu sinni var svörtu fólki ekki hleypt í skóla með hvítu fólki." Við sjáum í dag hvað það var fánlegt og hrein mismunun og fordómar.

Frá árinu 2004 til ársins 2019 voru engin þör að keppa í flokki seniora í meistaraflokki en við getum spurt okkur afhverju? Var það mögulega vegna fordóma DSÍ og andstöðu DSÍ við að flokkur seniora (meistaraflokkur) nyti sömu mannréttinda og aðrir aldursflokkar í meistaraflokki?

Þá kemur DSÍ að mótinu í febrúar 2019. DSÍ bannaði okkur að keppa þar vegna þess við erum danskennarar eða það var fyrsta svarið þeirra. Síðan sáu þau að þau rök myndu ekki standa þar sem þjálfarar í öllum íþróttum sem ég veit um keppa í almennum flokki í sinni íþrótt. Þá fara þau í Felix...undirritaður hafði verið skráður félagsmaður í Dansfélagi í um 12 ár og formaður allan þann tíma. Aldrei nokkurn tíman á þessum 12 árum hafði keppenda verið meinuð þátttaka vegna þess hann var ekki skráður iðkandi í Felix...

DSÍ notar þarna tækniatriði um að undirritaður hafi ekki verið skráður iðkandi í Felix vitandi að skráningu í Felix var umbótavant hjá öðrum félögum einnig og til dæmis voru á þeim tíma einungis skráðir 4 iðkendur í Dansíþróttafélagi Hafnarfjarðar en samt kepptu 26 keppendur frá DÍH á þessu sama febrúarmóti sem okkur var meinuð þátttaka.

Undirritaður hefur verið formaður í dansfélagi í um 13 ár og þar á undan keppandi, foreldri, þjálfari ofl. Aldrei á þessum 37 árum sem ég hef verið viðloðandi dansinn hef ég vitað til þess að fyrirfram hafi verið ákveðið að fella niður flokk eins og var gert á marsmótinu 2019 þegar DSÍ felldi niður alla flokka seniora....vísað í reglur já en aldrei verið gert!!

Stjórn DSÍ er að mínu mati á rangri braut. Dansíþróttin á í vök að verjast og fækkunin á keppendum er áhyggjuefni. Undirritaður hefur alltaf haft hag dansins í hávegum og mun ég berjast fyrir jafnrétti, fordómum og mismunum. Ég vil einnig benda á að stjórn DSÍ hefur aldrei boðað undirritaðan í samtal um málefni seniora, hvorki í fyrra þegar okkur var meinuð þátttaka eða nú þegar undirritaður berst fyrir mannréttindum seniora í meistaraflokki. Ég spyr hefur stjórn DSÍ ekki hag allra keppenda fyrir brjósti? Eru seniorar ekki keppendur sem hafa sama rétt og aðrir keppendur í meistaraflokki sem WDSF heldur heimsmeistaramót fyrir?

Ofangreind sjónarmið og andmæli kæranda voru send kærða, og gafst honum möguleyki á að gera ath. við málflutning kæranda.

Andsvör kærðu bárust dómnum 6. feb. sl.: Kærði telur að í athugasemdum kæranda við greinargerð varnaraðila, dags. 31. jan 2020, komi í raun ekkert nýtt fram, en ástæða er til að benda á að stjórn DSÍ getur ekki breytt reglum „eins og þeim hentar“ þar sem þær verða að vera innan ramma laga DSÍ og afreksstefnu DSÍ. Það samrýmist ekki afreksstefnu að hafa landslið í flokki senior og ekki eru forsendur til þess, eins og áður hefur komið fram. Hér er ekki um að ræða fordóma og mismunum og að bera mál þetta saman við mannréttindabaráttu blökkumanna er fráleitt.

Hvað varðar athugasemdir kæranda við að skráningu hans í flokk senior á Íslandsmeistaramóti í febrúar 2019 var hafnað skal áréttað að dómstóll ÍSÍ fjallaði um það mál og féllst alfarið á rök DSÍ og sýknaði DSÍ af kröfum kæranda. Kærandi óskaði aldrei eftir „samtali“ við stjórn DSÍ út af því máli heldur kaus hann að kæra málið beint til dómstóls ÍSÍ. Það sama á við í máli þessu. Ljóst er að „samtal“ á sér ekki stað með kærumálum.

Þá vill varnaraðili taka fram að ástæða þess að keppnisflokkurinn senior hefur ekki náð að festa sig í sessi er ekki vegna „fordóma“ DSÍ eða andstöðu við þennan keppnisflokk. Það hafa einfaldlega ekki verið keppendur í þessum flokki. Það er ávallt markmið DSÍ að fjölga iðkendum og keppendum í dansíþróttinni og stjórn DSÍ vinnur ávallt með hagsmuni dansíþróttarinnar í huga, í þessu máli sem og öðrum.

Niðurstaða:

Dómkröfur kæranda lúta í meginatriðum að því að stjórn kærða (DSÍ) láti breyta reglum um val í landslið kærða þannig að senior þör, 35 ára og eldri, geti unnið sig inn í landslið kærða eins og aðrir keppendur í meistaraflokki 14 ára og eldri. Vísar kærði til 2. gr. laga DSÍ, og óskar eftir að greininni verði breytt þannig að orðinu „senior“ sé bætt inni greinina, eftir upptalningu á þeim þörum sem verða valin í A landsliðið.

Kærðu hafa mótmælt kröfunni og krafist sýknu á henni, enda sé val í landslið á vegum kærða valið samkvæmt reglum DSÍ, sem hafi verið samþykkar á fundi sambandsins þann 25. nóv 2019. Þær reglur eiga sér stoð í afreksstefnu DSÍ, 2018-2023, sem samþykkt hafi verið á dansþingi 2018. Dansþing fari með æðsta vald í málefnum kærða, DSÍ, sbr. gr. 6.1. í lögum

DSÍ. Í gildandi afreksstefnu DSÍ kemur fram að í landsliðið eru aðeins valin pör í keppnisflokkunum unglingar II, ungmenni og fullorðnum (meistaraflokkar). Það eru aðeins pör í þeim flokkum sem geta unnið sér keppnisrétt á heims- og Evrópumeistaramótum og heims- og Evrópubikarmótum hjá Alþjóðadansíþróttasambandinu (WDSF), sbr. grein C-1.6.1 í móta- og keppendareglum DSÍ.

Ekki er annað fram komið en reglur þessar séu reistar á málefnalegum forsendum og að þær hafi verið samþykktar á löglegum fundi hjá DSÍ. Er sjónarmiðum kæranda um að fordómar og mismunun hafi ráðið för við gerð reglnanna því hafnað.

Ekki er annað fram komið en val á keppendum í landslið á vegum kærða, DSÍ, hafi farið fram eftir gildandi lögum og reglum hjá kærða. Ekki er á valdi dómsins að breyta lögum eða reglum félaga eða sérsambanda ÍSI, enda ekki heimild til þess í lögum ÍSI, enda væri slíkt í andstöðu við meginreglur laga um þrískiptingu ríkisvaldsins og stjórnarskrá.

Þar sem ekki eru efni til að fallast á kröfur kæranda að öðru leyti ber að sýkna kærða af kröfum kæranda í máli þessu.

Úrskurðarorð:

Kærði, Dansíþróttasamband Íslands (DSÍ), skal vera sýkn af kröfum kæranda Ragnars Sverrissonar, í máli þessu.


Ólafur Björnsson hrl, dómari

Um málsskotsheimild:

33.3. Frestur til að áfrýja máli til áfrýjunardómstóls ÍSÍ, skal vera ein vika frá því að aðila máls var fyrst kunnugt um niðurstöðu málsins, en þó eigi síðar en 4 vikum eftir að dómur undirréttar var upp kveðinn.

